

Fulltrúar í foreldraráði og foreldrafélagi leískólans Álfabergs lýsa yfir andstöðu sinni við þá ákvörðun að Barnaskóli Hjallastefnunnar komi með 5. og 6. bekk í starfsstöð Víðistaðaskóla við Engidal og leískólans Álfabergs. Þrengt hefur verið að leískólanum meðal annars með því að taka af honum listastofu sem var á neðri hæð húsnæðisins fyrir rými fyrir skjalasafn Hafnarfjarðar. Leískólanum var gert að finna nýtt rými fyrir listastofu sem leiddi til þess að færri tímar gefast til að vinna að listsköpun sem og að allur efniviður því tengt er í langri fjarlægð frá leískólanum. Leískólinn hefur lítið geymslurými og flutti alla efnisveitu sína yfir í efnisveitu grunnskólans sem nú á að færa aftur til þess að 5. og 6. bekkur fái rými.

Fulltrúar velta fyrir sér hvers vegna sveitarfélagið hafi ekki ákveðið frekar að bjóða aftur upp á miðstig fyrir þau börn sem nú þegar eru í skólanum í stað þess að börnin þurfi að ganga yfir Hjallabrautina til þess að sækja nám í Víðistaðaskóla. Fulltrúar hefðu gjarnan viljað að þeirra börn hefðu getað haldið áfram námi sínu í Víðistaðaskóla við Engidal í 5. og 6. bekk eins og áður var fyrst nægt pláss er til staðar. Einnig eru börnin okkar eftir skóla í Álfahrauni sem nú þarf að deila húsnæði með 5. – 6. bekk og verður því svæðið þar enn þrengra en verið hefur. Eðlilegra hefði verið að Álfahraun hefði fengið rýmri aðstöðu.

Það vekur furðu að engin kynning hefur farið fram fyrir foreldrum á þessari ákvörðun og hafa raddir þeirra ekki fengið að heyrast og kemur þetta verulega á óvart og aftan að þeim sem eiga hlut að máli. Í fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar er lögð áhersla á að bæjarbúar hafi aðgengi að ákvörðunarferli sem hefur áhrif á líf þeirra. Tryggja á öryggi íbúa bæjarins á sem bestan hátt og teljum við að þessi ákvörðun halli á okkar eigin börn sem nú þegar sækja nám í Víðistaðaskóla í Engidal. Nú horfum við á að okkar börn þurfi að sækja 5. bekk í öðru húsnæði á meðan jafnvel börn nágranna okkar fá að sækja nám hjá einkareknum skóla í skólahúsnæði sem áður var ætlað þessum árgöngum. Við teljum að þessi ákvörðun sé þvert á Skólastefnu Hafnarfjarðar þar sem meðal annars kemur fram að taka á tillit til sjónarmiða hagsmunaðila þegar kemur að áætlunum um skólahúsnæði.

Það vakna spurningar varðandi framtíð leískólans, mun halda áfram að þrengja að á komandi árum? Hver er framtíðarstefnan í þessum húsnæðismálum varðandi grunnskólabörnin? Óskum við svara sem fyrst.

Fyrir hönd foreldraráðs og foreldrafélags.

Hilja Gréta Kr. Norðdahl
Guðrún Þóra Þorsteinsdóttir
Gyða Þóra Bragadóttir
Jóna Kristin Jónsdóttir
Ásgerður Kistjánsdóttir
Dóra Ralun Geirsdóttir